

Fundur 19.5.2025 Þorsteinn Guðjónsson

Komið þið öll blessuð og sæl, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Langt er síðan ég hef komist í sambandið og finnst mér það of langt og höfðum við það fyrir reglu hér áður fyrr, að við sem störfuðum í félaginu kæmum reglulega í sambandið eða opnuðum það.

Og vil ég gjarnan halda þeirri venju, en breytingar urðu á, með innrásinni og hélt ég að við værum laus við þau áhrif, en er það ekki svo auðvelt né einfalt og höfðum við temprað fjölda þeirra sem hér starfa í stöðinni, og hafa þeir aðilar stofnað aðrar stöðvar, og mætti ýmislegt um það segja, en hér hafa menn einnig verið í stjórnmálum, til þess að hafa áhrif á þjóðfélagsbreytingar.

Og er þetta því ekki eins einfalt og ætla mætti, ég vil gjarnan hvetja mitt fólk til að koma sér hér á framfæri, og vona ég að það gangi og bið ég að heilsa þér frændi, Þorsteinn Guðjónsson.

*Já takk fyrir kveðjuna og ég við að heilsa.*

Já, vona að hún hafi það ágætt, okkur tókst ekki að fá bróðir þinn til fullrar heilsu, en er hann hér hinsvegar með fulla heilsu og vonandi að hann komist í sambandið sem fyrst.

*Já það verður gaman að heyra í honum, er hann ekki kominn til fullrar heilsu enn þá ?*

Jú, hann er hér kominn til fullrar heilsu, en okkur þykir leitt að hafa ekki getað læknað hans veikindi meðal ykkar, átti ég við.

*Já, ég hef haft grun um það að þetta var eiginlega sko tíma spursmál, ef þetta hefði uppgötvast 10 dögum fyrr, hefði kannski verið hægt að laga það, ef það hefði verið gengið strax í verkið sko, það var einhver dráttur að þetta væri lagað eins og ætti að gera.*

Já að mistökin hafi verið þeim megin líka já.

*Já, því þarna hefði þurft að bregðast mjög skjótt við sko ef svona lagað er, strax ekki bara skera hann, heldur halda áfram strax með hitt.*

Já þetta er mjög vandmeðfarið og það eru miklar framfarirnar og þess vegna má segja að framfarirnar eru svo mklar hjá ykkur að væntanlega verði betur ráðið við þetta síðar.

*Já.*

Já já það er alveg rétt, þeir ræða mikið saman faðir þinn og afi.

*Já það er ánægjulegt, því að hérna þeir gerðu það áður fyrr, veltu fyrir sér ýmsu og í heimspekinni, Þorsteinn Jónsson var svo fróður um heimspeki.*

Já faðir þinn var ekki sammála honum í öllu, þegar hann kom hingað yfir og þeir hafa um margt að ræða.

*Já ég skil.*

Og það er gott að þeir eru náið saman og ég vona að hann fari í sambandið fljótlega.

*Já ég hlakka til að fá hann í sambandið, en þegar að hérna þegar faðir minn kom seinast var ég ekki við, ástæðan fyrir því var sú að hann sótti svo mikið að mér að ég sofnaði áður en ég fór á fundinn og missti af honum.*

He he he, já, hann hefur verið of ákafur he he he.

Já já já.

*Ég svaf hann bara af mér fundinn he he he.*

Já hann er mikill kappsmaður enn þá.

*Já já hann er það.*

Já og biður kærlega að heilsa og þau bæði.

*Já takk fyrir það.*

En eins og við höfum komið hér að áður þá er Eiríkur búinn að vinna gott starf og hann er hér bæði að kenna og keppast við vísindaiðkanir í eðlisfræði og öðru og hefur líka frá ýmsu að segja.

Það hefur yfirleitt gengið vel hjá honum að halda sér á réttri braut, en hann á það til svona að verða þyngri en svona æskilegt er, en það eru hér miklu betri aðferðir til þess að takast á við þetta.

Já mig langar að forvitnast um eitt, þar sem ég hef svo mikinn áhuga á steinum, og orkuna sem er tengd þeim og mér leikur forvitni á hverskonar steinn þetta er sem þið notið í stjörnusambandsstöðinni, sem þið hafið þar, er eitthvað líkt hér á jörðinni, þessi steintegund sem þar er notuð ?

Já þetta er nú, þú hefur heyrt um hauskúpurnar erlendu, þetta er ekki ólíkt, þetta er nokkurskonar, þetta er meira byggt upp á því hvernig þetta er mótað, heldur en, þetta er kvarts og kristall sem hefur verið mótaður, var notaður í svona gamlar athafnir.

*Það er alveg sama og þessi hauskúpa úr eðalsteini sem fannst í Mexíkó útskorin.*

Já já nema það er ekki sama lagið á þessu, en það er, næ ekki alveg að lýsa því, það er mjög sérstakt lagið á þessu og það er líkt eftir ákveðnu, já ákveðnu helgiskríni, já með, það er svona, og þetta er svona magnað af helgiathöfnum sem þeir notuðu hér áður fyrr og svo já það er ýmislegt í þessu.

*Þetta er athyglisvert.*

Já, já já við höfum farið hér á fjöll og týnt steina og það eru hér ýmis afbrigði sem finnast ekki á jörðinni, eins og rauðleitt með sérstökum sérstökum smarögðum í og slíkt og það er oft notað í skartgrip, en svo er það notað í svona aðrar athafnir og helgiathafnir sumt af því sko, sérstaklega það sem er litfagurt og þetta er enn fremur notað í þessi, það eru sérstakir steinar og málmar sem eru notuð í þessi tæki sem eru, sem taka við þessum rafeindatækjum ykkar, sem hér hafa verið þróuð líka á svipaðan hátt, hjálpa til við allskonar tæknilegar athafnir, og það finnst í náttúrunnar ríki og það var nú einn frændi þinn sem var með fyrirlestur um þetta og frændi okkar, það var í stöðinni, um tengslin á milli rafeindafræðinnar og líforkufræðinnar.

Já það er ekki ósvipuð virknin á þessum kristöllum og það er orkuvirkni í þessu, og já hvernig gengur með húsið, þú hefur séð um það er það ekki eitthvað ?

*Þarna í systralundi ?*

Já.

*Já ég er búinn að vera þarna í átta daga, án sjónvarps, án síma, án útvarps, án tónlistar, bara hlustað á tónlist náttúrunnar, fuglasönginn og svo framvegis.*

Já það minnir mig á liðna daga.

*Já, og verið að taka þetta í gegn, sko eftir kúnnastarinnar reglum, af því að þeir sem hafa, sá sem smíðaði þetta, hann hugsaði ekki dæmið til enda, enda lokaði hann rakann inni, ástandið var orðið þannig að þetta var komið á síðasta séns, eins og sagt er, til að bjarga þessu.*

Já akkurat já.

*Þannig að ég fékk aðstoð, veðrið, þurrkinn og lét þetta þurrka sig á einum degi og á meðan fór ég í veiðitúr á Snæfellsnes í blíðskaparveðri, og naut þess í Hraunfjarðarvatni, það er svo stórkostlegt, fjallasýnin og annað sko, við berserkjahraunið.*

Já, já já. Það gleður mig, ég skal skila þessu til þeirra foreldra þinna og þau gleðjast yfir þessu og ég ætlaði að segja ykkur að Helgi Pjeturss var herna með ákveðnar skoðanir á þessu blíðviðri hjá ykkur, að það tókst ákveðin árangur í sambandi við baráttuna við Jahve og það er einhver sérstök samstilling sem fylgir því.

Og hann ætlaði jafnvel að vera með erindi en vonandi að það verði fljótlega, hann útskýrir þetta betur sjálfur.

*Ég hlakka til.*

Já, ég skal koma þessu áleiðis til þeirra.

*Til foreldra minn, segðu þeim að mér gangi bara vel. Ég klippti þarna skóginn og snyrti og er búinn að laga göngustíga og allt, og nú er bara að fara að setja þetta saman aftur og koma regnhlífinni í lag, það er það sem hlífir húsinu fyrir regni og vindi, það er regnhlífin, hún þarf að vera í lagi, áður en gert er við eitthvað annað, það er það sem heldur húsunum heilum og kemur í veg fyrir myglu og svo framvegis. Ég þarf ekki að orðlengja það meira.*

Og ég vil nota tækifærið, mér skilst að gamla stjórnuðöðin okkar hafi fengið endurnýjun lífdaga og ég þakka fyrir það, vel unnin störf og vona að félagið blómstri sem mest í framtíðinni.

Ég verð nú víst að kveðja að sinni, en ég þakka fyrir og bið að heilsa mínu fólki.

*Já ég skila því.*

Já þá kveð ég að sinni og þakka fyrir mig, verið þið sæl.

*Vertu sæll.*